

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 144/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1400 frá 13. mars 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 139/2014 að því er varðar öryggi á flugvöllum, skipti á rekstrar-
aðila flugvallar og tilkynningu atvika ⁽¹⁾.
- XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66nh (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„**32024 R 1400:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1400 frá 13. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1400, 24.5.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/1400, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1400, 24.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1400/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING